



# Kjarnasamfélag

nýr húsnæðiskostur í Reykjavík



\* Bofællesskabet i Nærheden

# Kjarnasamfélög um heim allan

Fyrstu kjarnasamfélögin voru stofnuð í Danmörku snemma á áttunda áratug 20. aldar, en fljótlega fóru þau að sjást um heim allan í ýmsum myndum. Á næstu síðum eru tekin dæmi um kjarnasamfélög sem sýnir hversu ólík þau geta verið þó þau hverfist um sömu hugmyndafræðina í grunninn.

Það sem einkennir kjarnasamfélög er að íbúar þess stofna þau, stjórna og starfrækja, sem er ferli sem byrjar oftast áður en fyrsta skóflustungan er tekin. Kjarnasamfélög eru valdeflandi fyrir íbúa þess, því þeir geta með beinum hætti haft áhrif á nærumhverfi sitt.

Íbúar kjarnasamfélaga tengjast oft saman í gegnum sameiginleg áhugamál eða ákveðinn ásetning. Það getur t.d. verið að stuðla að sjálfbærum lífstíl eða öruggum leiksvæðum fyrir börn.

Oftast eru einhver svæði kjarnasamfélaga sameiginleg, en misjafnt er hverju og hversu miklu er deilt.

Hvert kjarnasamfélag aðlagar sig að aðstæðum, veðurfari og stærð hvers staðar, hvort sem um er að ræða þéttbýli, úthverfi eða landsbyggðina.

Búsetuformin geta verið ólík eftir kjarnasamfélögum. Sums staðar býr fólk í sér húsum í þyrpingu, en annars staðar er um að ræða íbúðir í fjölbýlishúsi.

Í Danmörku eru langir biðlistar eftir því að komast að í kjarnasamfélögum, sem sýnir vinsældir þessa húsnæðisfyrirkomulags. Sum kjarnasamfélög glíma meira að segja við það „vandamál“ að engin endurnýjun getur orðið í samfélaginu því enginn vill flytja út og allir eldast saman.

# Kjarnasamfélag Reykjavíkur

Kjarnasamfélag Reykjavíkur var stofnað árið 2019 þegar fjölþjóðlegur vinahópur heillaðist af hugmyndafræði kjarnasamfélaga þegar þau voru búsett í Danmörku. Þessi hópur kom svo aftur saman eftir flutninga til Íslands og uppgötvaði að þessi húsnæðismöguleiki væri ekki fyrir hendi hér. Þau ákváðu því að stofna fyrsta kjarnasamfélagið á Íslandi.

Síðan þá hefur Kjarnasamfélag Reykjavíkur hlotið þónokkra styrki frá Borgarsjóði Reykjavíkur og Hönnunarsjóði og fundið fyrir jákvæðum viðbrögðum í viðræðum við stofnanir og sveitarfélög. Félagið hefur aðallega unnið að því að auglýsa kjarnasamfélög sem nýjan húsnæðiskost og vekja athygli almennings á verkefninu. Samhliða því hafa þau rannsakað kjarnasamfélög erlendis og hvernig væri hægt að koma slíku verkefni á laggirnar hérlandis. Þar sem þetta hefur ekki verið gert áður þarf

að skoða ýmis atriði, eins og t.d. hvernig fjármagna skal verkefnið, hvernig útvega skal lóð og hvort til sé lagarammi um slíkt búsetuform.


Kjarnasamfélag Reykjavíkur hefur staðið fyrir kynningarkvöldum til að kynna hugmyndafræðina. Eins og er samanstendur hópurinn af um 20 áhugasömum einstaklingum sem eru tilbúnir að taka þátt í því ferli að mynda kjarnasamfélag.

Með þessum hópi framtíðaríbúa, sem vonandi heldur áfram að stækka, mun Kjarnasamfélag Reykjavíkur skilgreina sína samfélagsgerð og halda áfram í hönnunarferlinu. Næsta skref er að setja saman hóp verkfræðinga, arkitekta, fjármögnunaraðila og byggingarverktaka. Svo þarf að finna heppilegan byggingarreit þar sem fyrsta tilraun til kjarnasamfélags á Íslandi gæti raungerst.



# Kjarnasamfélag - hvað er það?

skipulagt samfélag, skapað og starfrækt af íbúum þess



## Eigið húsnæði


Grunnurinn í kjarnasamfélögum er að hver fjölskylda eigi sína eigin íbúð eða hús. Íbúðin inniheldur allt það sama og venjulegar íbúðir, en er stundum aðeins minni, þar sem einnig eru sameiginleg rými.

Það er mikilvægt að finna gott jafnvægi á einkalífi og þátttöku í samfélaginu.



## Þátttaka íbúa

Íbúar taka þátt í tilurð og skipulagi kjarnasamfélagsins. Á þennan hátt geta allir meðlimir samfélagsins haft áhrif og stjórn á umhverfi sitt og sniðið að sínum þörfum.



## Samnýting

Íbúar samfélagsins ákveða hvaða rými eru sameiginleg. Þessi rými geta verið hjólageymsla, verkstæði, þvottaherbergi eða útisvæði eins og garður. Íbúar geta líka átt sameiginleg tól og tæki, eins og verkfæri og bíla.



## Ásetningur (kjarni)

Kjarnasamfélög hverfast oft um ákveðinn ásetning eða kjarna sem allir meðlimir þess eru hlyntir.

Í Kjarnasamfélagi Reykjavíkur verður t.d. lögð áhersla á sjálfbæra hönnun og lífsstíl í þróun samfélagsins.



## Samfélagssáttmáli

Að lifa í þétta samfélagi fylgir að sátt og ákveðnar væntingar eru á milli meðlima. Íbúar útbúa til dæmis sameiginlega kvöldverði samkvæmt áætlun og taka þátt í ýmsum skyldum og skemmtilegheitum samfélagsins.



# Kjarnasamfélagið okkar

eigum vel saman



## Sérniðin hönnun

Í kjarnasamfélögum eru íbúar þátttakendur í hönnunarferlinu frá byrjun. Samfélagið er því fullkomlega lagað að þörfum og óskum íbúa þess.


Þessu er öfugt farið í hefðbundinni húsnæðispróun sem oft beinist að kjar-nafjölskyldu eða öðrum stöðluðum hópum. Kjarnasamfélög geta lagað sig að alls konar heimilum, fjölskyldum og lífsstílum.



## Húsnæði Án aðgreiningar

Á Íslandi eru hefðbundin íbúðarhúsnæði jafnan þróuð í hagnaðarskyni verktaka. Við teljum að húsnæði eigi fyrst og fremst að vera mannlegt skjól, ekki fjárfestingartækifæri.

Leitast verður að því að halda kostnaði hverrar einingar í lágmarki svo að sem fjölbreyttastur hópur fólks eigi möguleika á að búa þar.



## Nágrannastuðningur

Í nútímasamfélagi tökumst við á við ýmsar áskoranir. Aukinn þrýstingur á að afla tekna til að hafa í sig og á getur verið streituvaldandi. Á sama tíma virðast geðræn vandamál og félagsleg einangrun aukast.

Gagnkvæmur stuðningur nágretta í kjarnasamfélagi getur hjálpað til við að koma í veg fyrir eða létt undir erfiðleikum hversdagslífsins og stuðlað að meiri vellíðan íbúanna.



## Grasrótin

Rannsóknir sýna að þáttur valdeflingar kjarnasamfélaga (að eiga og stýra sér sjálf) getur leitt til annara kerfisbreytinga í grasrótinni. Til dæmis er mögulegt að íbúar breyti frá hinum hefðbundna samgöngumáta einkabílsins með því að deila bíl eða rafhjólum.

Þetta er brautryðjanda verkefni sem mun ögra hinum hefðbundnu leiðum í húsnæðismálum, löggjöfum varðandi húsnæði og hvernig við sjáum og notum borgina okkar.



## Félagsleg sjálfbærni


Markmið kjarnasamfélaga er að búa til og viðhalda góðu samfélagi. Kjarnasamfélög styrkja félagsandann með virkri þátttöku íbúanna og notkun á sameiginlegum rýmum sem ná jafnvel út fyrir mörk samfélagsins.

Kjarnasamfélög vinna stöðugt að viðhaldi bygginga og umhverfis síns, en ekki síður hinu innra samfélagi sem stuðlar að félagslegri sjálfbærni.



Tilvísunarverkefni nr. 1

# Kjarnasamfélagið Copper Lane, London



## Umráðaréttur

eign íbúa

## Aðgengi

íbúar hafa sér innganga að íbúðum sínum

## Byggingarár

2014

## Sameiginlegt

upphækkað útisvæði,  
sameiginlegur fjölnotasalur,  
þvottaherbergi, verkstæði,  
garður

## Samfélagsstærð

sex hús (70 - 165 m<sup>2</sup>)

## Íbúadreifing

12,5 húsnæðiseiningar á  
hektara



# Kjarnasamfélagið Æblevangan, Kaupmannahöfn



## Umráðaréttur

eign íbúa

## Aðgengi

íbúar hafa sér innganga að íbúðum sínum

## Byggingarár

1980

## Sameiginlegt

sameiginlegt hús með íþróttasal, eldhúsi, tveimur borðsölum og þvottahúsi

## Samfélagsstærð

36 íbúðir, um 100 íbúar

## Íbúadreifing

21 húsæðiseiningar á hektara



# Sofielunds Kollektivhus, Malmö



## Umráðaréttur

íbúar leigja

## Aðgengi

Inngangar frá sameiginlegum svölum

## Byggingarár

2014

## Sameiginlegt

iðnaðareldhús, matsalur, þvottahús, hjólageymsla, geymslur, leikherbergi fyrir börn, bíosalur, tónlistarherbergi, verkstæði, gestaíbúð, yoga herbergi, saunabað, garður og þaksvalir

## Samfélagsstærð

45 íbúðir (frá stúdíó upp í 5 herbergja)

## Íbúadreifing

225 húsnaðiseiningar á hektara



Tilvísunarverkefni nr. 4

# WindSong kjarnasamfélagið, Kanada



## Umráðaréttur

eign íbúa

## Aðgengi

sér inngangar að utan en einnig yfirbyggðir inngangar

## Byggingarár

1996

## Sameiginlegt

yfirbyggt fjölnotasvæði, sameiginlegt hús, handverkshverbergi, skrifstofuaðstæður, matjurtagarðar og skóglendi

## Samfélagsstærð

34 íbúðir

## Íbúadreifing

14 húsnaðiseiningar á hektara





# Kjarnasamfélagið Lange Eng, Kaupmannahöfn



## Umráðaréttur

eign íbúa

## Aðgengi

íbúar hafa sér innganga að íbúðum sínum

## Byggingarár

2009

## Sameiginlegt

sameiginlegt hús, iðnaðareldhús, matsalur, leiksvæði, setustofa, kaffihús, bíosalur, garður með leikvelli, varðeldi og einkaverandir

## Samfélagsstærð

54 íbúðir, yfir 200 íbúar

## Íbúadreifing

39 húsnaðiseiningar á hektara





**KJARNASAMFÉLAG**  
reykjavíkur

[kjarnasamfelagreykjavikur@gmail.com](mailto:kjarnasamfelagreykjavikur@gmail.com)  
[facebook.com/kjarnasamfelagreykjavikur](https://facebook.com/kjarnasamfelagreykjavikur)